

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.

#### 1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004. Ný brautalýsing aðalnámskrár framhaldsskóla skv. auglýsingu þessari kemur í stað texta á bls. 1670 í B-deild Stjórnartíðinda 2004 í brautalýsingum hönnunar- og handverksgreina, gull- og silfursmíði (GS9).

#### 2. gr.

Ný brautarlýsing fyrir námsbraut í gull- og silfursmíði verður sem hér segir:

#### **Gull- og silfursmíði (GS8)**

**170 ein.**

#### **Iðnnám á verknámsbraut**

Gull- og silfursmíði er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár og skiptist í fimm anna nám í skóla og 72 vikna starfsþjálfun á vinnustað. Meginmarkmið námsins er að nemendur verði færir um að annast gerð skartgripa, listmuna og nytjahluta úr gulli, silfri og öðrum málum allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru sem og að annast viðgerðir. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

#### **Almennar greinar**

**23 ein.**

|                 |                              |        |
|-----------------|------------------------------|--------|
| Íslenska        | ÍSL 102 202                  | 4 ein. |
| Erlend tungumál | ENS 102 DAN 102 + 4 ein.     | 8 ein. |
| Stærðfræði      | STÆ 102 122                  | 4 ein. |
| Lífsleikni      | LKN 2 ein.                   | 2 ein. |
| Íþróttir        | ÍÞR 101 111 201 211 + 1 ein. | 5 ein. |

#### **Sérgreinar**

**75 ein.**

|  |                     |         |
|--|---------------------|---------|
| Efnisfræði gull- og silfursmiða              | EFG 102             | 2 ein.  |
| Fríhendisteikning                            | FHT 102             | 2 ein.  |
| Grunnteikning                                | GRT 103             | 3 ein.  |
| Hönnun í gull- og silfursmíði                | HÖG 103 203         | 6 ein.  |
| Leturgröftur                                 | LET 103             | 3 ein.  |
| Listasaga gull- og silfursmiða               | LIG 103             | 3 ein.  |
| Silfursmíði                                  | SIL 105             | 5 ein.  |
| Síselering                                   | SÍS103              | 3 ein.  |
| Steinafræði                                  | STF 102             | 2 ein.  |
| Steinaisetning                               | STÍ 105             | 5 ein.  |
| Störf og starfsumhverfi gull- og silfursmiða | STG 101             | 1 ein.  |
| Tölvustudd hönnun                            | TÖH 103 202         | 5 ein.  |
| Tölvutækni í hönnun og markaðssetningu       | TÖG 102 202         | 4 ein.  |
| Verkleg gull- og silfursmíði                 | VGS 109 204 304 404 | 21 ein. |
| Víravirki                                    | VÍR 105             | 5 ein.  |

Val nemanda/skóla

5 ein.

**Starfsþjálfun 72 vikur**

**72 ein.**

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Nám samkvæmt nýrri brautarlýsingu hefst skólaárið 2005-2006. Nemendum sem hafa þegar hafið nám í gull- og silfursmíði á grundvelli fyrri brautalýsinga aðalnámskrár framhaldsskóla er heimilt að ljúka námi skv. þeirri skipan.

*Menntamálaráðuneytinu, 11. júlí 2005.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

---

*Guðmundur Árnason.*